



HRUNAMANNAHREPPUR

27. FUNDUR SVEITARSTJÓRNAR

KJÖRTÍMABILIÐ 2018 – 2022 8. FUNDUR ÁRSINS

VAR HALDINN FIMMTUDAGINN 4. JÚNÍ 2020

KL. 14.00 Í RÁÐHÚSINU FLÚÐUM

Árið 2020, þann 4. júní kom sveitarstjórn Hrunamannahrepps saman til fundar kl. 14:00 í ráðhúsinu á Flúðum. Eftirtaldir sátu fundinn: Halldóra Hjörleifsdóttir, Sigurður Sigurjónsson, Kolbrún Haraldsdóttir, Bjarney Vignisdóttir, Jón Bjarnason og Jón G. Valgeirsson sveitarstjóri, sem skráði fundargerð. Halldóra Hjörleifsdóttir setti fund og stjórnaði honum. Hún bauð fundarmenn velkomna og óskaði eftir athugasemdum við fundarboð. Engar athugasemdir voru gerðar. Oddviti óskaði eftir að taka fyrir eitt mál, fundargerð veitustjórnar frá 3. júní s.l. Sveitarstjórn samþykkir að leggja erindið fram.

Erindi til sveitarstjórnar:

1. UTU bs. Heimsókn.

Á fundinn mæta þeir Jóhannes Símonarson, skrifstofustjóri UTU bs., Davíð Sigurðsson, byggingarfulltrúi og Vigfús Þór Hróbjartsson, skipulagsfulltrúi og kynntu og fóru yfir verkefni þeirra og skrifstofu UTU bs. Sveitarstjórn þakkar fyrir góða kynningu á byggðasamlaginu og verkefnum þess.

2. Covid-19: Staða, horfur og viðbrögð.

Lögð voru fram til kynningar tölur um atvinnuleysi í Hrunamannahreppi, minnisblað vegna fundar sveitarfélaganna í SASS, fundargerð bæjar- og sveitarstjóra með lögreglustjórum, yfirlit um aðgerðir ríkisstjórnarinnar frá Sambandi Íslenskra sveitarfélaga, minnisblað um endurgreiðslu VSK, minnisblað frá Byggðastofnun og upplýsingar frá verkefnisstjóra heilsueflandi samfélags um stuðning við félagsstarf eldri borgara.

Oddviti og sveitarstjóri fóru almennt yfir stöðuna vegna Covid-19 mála í Hrunamannahreppi, áhrifin á samfélagið og verkefni næstu vikna og mánaða í því sambandi.

Oddviti kynnti síðan næstu aðgerðir sveitarstjórnar vegna áhrifa Covid-19 og lagðar eru til eftirfarandi tillögur:

- Breytingar á gjalddögum fasteigna- og fasteignatengdra gjalda: Fyrirtæki og íbúar sem hafa orðið fyrir verulegum áhrifum vegna Covid-19 geta óskað eftir því að fá áframhaldandi frestun á eindögum fasteignagjalda næstu þriggja mánaða. Þeir sem hyggjast nýta sér þessar aðgerðir er bent á að hafa samband við skrifstofu Hrunamannahrepps í síma 486-6600 eða með tölvupósti á hruni@fludir.is.
- Hitaveita Flúða: Frestun á greiðslu á hitaveitugjöldum er skv. samþykkt veitustjórnar tengd við úrræði sveitarstjórnar varðar fasteigna- og fasteignatengd gjöld.
- Atvinnuáttak fyrir börn og ungmenni. Samþykkt hefur verið að taka þátt í verkefni Vinnumálastofnunar og tveimur stöðugildum hefur verið úthlutað. Þá hefur verið samþykkt að fara í samsvarandi verkefni með UTU, ferðamálafulltrúa og heilsueflandi samfélagi. Gert er ráð fyrir sérstökum aukaútgjöldum að fjárhæð kr. 1. millj. vegna þeirra verkefna.
- Fjárfestingar- og viðhaldsverkefni: Gert hefur verið ráð fyrir í viðauka við fjárhagsáætlun 2020 að viðhaldsverkefni verði aukin um kr. 9,5 millj. auk þess sem bætt hefur verið við fjárfestingaáætlunina um kr. 27,0 millj.
- Gert hefur verið ráð fyrir að fara í markaðsáttak sem er hugsað fyrir ferðaþjónustuna í sveitarfélaginu sem unnið er með ferðamálafulltrúa Uppsveita og Markaðsstofu Suðurlands auk annarra aðgerða sem tengjast markaðsmálum sveitarfélagsins og ferðaþjónustuaðila.

Sveitarstjórn samþykkir ofantaldar aðgerðir og felur sveitarstjóra að vinna að framkvæmd þeirra en gert hefur verið ráð fyrir þeim í viðauka við fjárhagsáætlun sveitarfélagsins, sbr. lið 3. hér fyrir neðan.

3. **Fjárhagsáætlun 2020: Viðauki.**
Oddviti kynnti viðauka 2 við fjárhagsáætlun Hrunamannahrepps 2020. Gert er ráð fyrir að tekjur lækki um kr. 18.300.000 og útgjöld hækki um kr. 14.000.000. Einnig er um að ræða tilögu um að fjárfestingar verði auknar í gatnagerð og Hitaveitu Flúða. Þá er gert ráð fyrir uppgreiðslu á einu láni í eignasjóði. Skv. þessu er gert ráð fyrir að rekstrarhagnaður sveitarfélagsins verði eftir þessar breytingar kr. 17.089.000 í stað 49.011.000. Nettóútgjaldaaukningu er mætt með lækkun á handbæru fé og lántökum. Sveitarstjórn samþykkir viðauka við fjárhagsáætlun 2020.
4. **Gott bú ehf: Samstarfssamningur um almenningssalerni.**
Oddviti kynnti drög að tímabundnum samningi milli sveitarfélagsins og Gott bú ehf um rekstur almenningssalernis á Kaffi Grund frá 1. júní til 30. sept. nk. Sveitarstjórn samþykkir samninginn og felur sveitarstjóra að undirrita hann.
5. **Isavia: Flugvöllurinn á Flúðum.**
Oddviti kynnti fundargerð vegna fundar með Isavia vegna flugvallarins á Flúðum. Sveitarstjórn felur oddvita að fylgjast áfram með málinu.
6. **Sýslumaðurinn á Suðurlandi: Umsagnarbeiðni um rekstrarleyfi vegna Markavallar á Dalbæ II.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi vegna veitingastaðar í flokki II vegna Markavallar í Dalbæ II. Á afgreiðslufundi byggingarfulltrúa var húsnæðinu við Markavöll veitt stöðuleyfi til 30. september 2020. Sveitarstjórn samþykkir ofangreinda beiðni þó þannig að leyfið sé eingöngu veitt á því tímabili sem húsnæðið hefur stöðuleyfi.
7. **Fasteignamat 2021.**
Oddviti kynnti fasteignamat 2021 frá Þjóðskrá en þar kemur fram að fasteignamat í Hrunamannahreppi hækkar um 3,6%.
8. **Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjarskipti.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um fjarskipti.
9. **Velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um breytingu á lögum um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.**
Oddviti kynnti umsagnarbeiðni frá velferðarnefnd Alþingis: Umsagnarbeiðni um frumvarp til laga um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir.
10. **Lokun skrifstofu Hrunamannahrepps vegna sumarfría.**
Sveitarstjórn samþykkir að skrifstofa Hrunamannahrepps verði lokuð í 3 vikur vegna sumarleyfa frá 6. júlí til og með 24. júlí nk.

Fundargerðir v. nefnda Hrunamannahrepps:

11. **Veitustjórn: Fundargerð 17. fundar frá 25. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar veitustjórnar frá 25. maí s.l. Á fundinn mætti Haukur Jóhannesson jarðfræðingur sem fór yfir skýrslu sína vegna breytinga á jarðhitakerfinu á Flúðum og möguleg tengsl milli kerfanna á Flúðum og Kópsvatni. Fjallað var um vatnsöflun fyrir Hitaveituna og þá þrjá valkosti sem liggja frammi. Þá var farið yfir stöðuna á lagningu ljósleiðara innan Flúða og samþykkt að ganga til samninga við Gröfutækni um verklegar framkvæmdir. Þá var farið yfir umsagnarbeiðni vegna frumvarps til laga um styrki við fráveituf framkvæmdir. Sveitarstjórn samþykkir að ganga til samninga við Gröfutækni um verklegar framkvæmdir vegna ljósleiðara á Flúðum en fundargerðin lögð fram að öðru leyti til kynningar.
12. **Öldungaráð: Fundargerð 17. fundar frá 18. maí s.l.**
Oddviti kynnti fundargerð 17. fundar öldungaráðs frá 18. maí s.l. Farið var yfir afslátt fasteignagjalda og lögð fram tillaga um að eldri borgurum verði tilkynnt þegar þau þurfa að endurnýja ökuskipteini sín. Þá voru kynntar væntanlegar framkvæmdir í kjallara Heimalands, rætt um slátt fyrir eldri borgara, heimsókn í Ölfus og fund með stjórn eldri Hrunamanna. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samstarfs uppsveita Árnassýslu:

13. Fundargerð 196. fundar skipulagsnefndar frá 27. maí s.l. og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí s.l.

Oddviti kynnti fundargerð 196. fundar skipulagsnefndar frá 27. maí og afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí s.l.

Afgreiðslur einstakra mála sem varðar Hrunamannahrepp eru eftirfarandi:

Mál nr. 24. Jaðar 1. Fyrirspurn vegna skógræktar.

Lögð er fram fyrirspurn til skipulagsnefndar vegna skógræktar á jörð Jaðars L166785 en málið var tekið fyrir á 183. fundi skipulagsnefndar þar sem málinu var frestað og óskað var ítarlegri gagna. Frekari gögn hafa nú borist og er því fyrirspurn tekin fyrir að nýju.

Skipulagsnefnd UTU tekur jákvætt í erindið. Viðkomandi skógræktaráætlun tekur til landsvæðis á náttúruminjaskrá, nr. 735 Austurbakka Hvítárgljúfurs og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum. Samkvæmt tölulið 1.06 í 1. viðauka laganna er nýræktun skóga á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu. Framkvæmdin telst því tilkynningaskyld framkvæmd í flokki B að mati nefndarinnar. Framkvæmdaraðili skal annast gerð tilkynningargagna til Skipulagsstofnunar og skulu þau vera í samræmi við kröfur 11. og 12. gr. regugerðar um mat á umhverfisáhrifum er varðar tilkynningu framkvæmda í flokki B og C.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og tekur jákvætt í erindið. Viðkomandi skógræktaráætlun tekur til landsvæðis á náttúruminjaskrá, nr. 735 Austurbakka Hvítárgljúfurs og fellur því undir lög um mat á umhverfisáhrifum að mati sveitarstjórnar. Samkvæmt tölulið 1.06 í 1. viðauka laganna er nýræktun skóga á verndarsvæðum sem breytir fyrri landnotkun tilkynningaskyld til Skipulagsstofnunar til ákvörðunar um matskyldu. Framkvæmdin telst því tilkynningaskyld framkvæmd í flokki B að mati nefndarinnar. Framkvæmdaraðili skal annast gerð tilkynningargagna til Skipulagsstofnunar og skulu þau vera í samræmi við kröfur 11. og 12. gr. regugerðar um mat á umhverfisáhrifum er varðar tilkynningu framkvæmda í flokki B og C.

Mál nr. 25. Birtingaholt 1B og 1D. Deiliskipulag.

Lögð er fram tillaga að deiliskipulagi fyrir Birtingaholt 1B og 1D í Hrunamannahreppi eftir auglýsingu. Umsagnir bárust frá Vegagerðinni, Minjastofnun og Skipulagsstofnun. Athugasemd var gerð að hálfu Skipulagsstofnunar er varðar fjarlægð byggingarreits frá stofn- og tengivegum. Engar aðrar athugasemdir bárust á auglýsingartíma deiliskipulagsins.

Athugasemd Skipulagsstofnunar hefur verið svarað á uppdrætti deiliskipulags þar sem byggingarreitir hefur verið færður í 100 metra fjarlægð frá miðlínu vegar. Skipulagsnefnd UTU mælist til þess við sveitarstjórn Hrunamannahrepps að uppfært deiliskipulag verið samþykkt eftir auglýsingu að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun skal send uppfærð tillaga til varðveislu.

Sveitarstjórn gerir ekki athugasemd við afgreiðslu skipulagsnefndar og samþykkir uppfært deiliskipulag eftir auglýsingu og að það taki gildi með birtingu auglýsingar í B-deild stjórnartíðinda í samræmi við 42. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Skipulagsstofnun skal send uppfærð tillaga til varðveislu.

Mál nr. 32: Afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí s.l

Lögð fram til kynningar afgreiðslur byggingarfulltrúa frá 20. maí s.l.

Önnur mál.

14. Fundargerð veitustjórnar frá 3. júní s.l.

Oddviti kynnti fundargerð veitustjórnar frá 3. júní s.l. Þar var fjallað um verðkönnun í borholu á Flúðum til heitavatnsöflunar fyrir Hitaveitu Flúða þar sem samþykkt var að óska eftir verðum á grundvelli breyttra hönnunargagna. Þá var einnig tekinn fyrir viðauki við fjárhagsáætlun Hitaveitu Flúða sem var samþykktur. Fundargerðin lögð fram til kynningar.

Fundargerðir v. samvinnu sunnlenskra sveitarfélaga:

- a. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð stjórnar frá 26. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- b. Byggðasafn Árnesinga: Fundargerð byggingarnefndar frá 26. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- c. SASS: Fundargerð 558. fundar stjórnar frá 22. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.

Kynningarmál:

- d. Samband íslenskra sveitarfélaga: Fundargerð 884. fundar stjórnar frá 20. maí s.l.**
Lagt fram til kynningar.
- e. Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið: Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.**
Lagt fram til kynningar.
- f. Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga: Fjármál sveitarfélaga í kjölfar Covid-19.**
Lagt fram til kynningar.
- g. Háskólasamfélag Suðurlands: Skýrsla stjórnar og framkvæmdastjóra til aðalfundar 2020 og ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- h. Stóru-Laxárdeildin: Ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.
- i. Samtök orkusveitarfélaga: Ársreikningur 2019.**
Lagt fram til kynningar.

Fundir framundan:

- j. Aðalfundur Hitaveitu Grafarhverfis ehf. 8. júní n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- k. Aðalfundur Landskerfa bókasafna hf 11. júní n.k.**
Lagt fram til kynningar.
- l. Aðalfundur Lánasjóðs sveitarfélaga 12. júní n.k.**
Lagt fram til kynningar.

Fleira ekki tekið fyrir, fundi slitið kl. 16:20.